

Myndlistarnámskeið á Lyngási, vor 2018

Kennari: Margrét M. Norðdahl

Verkefnið er samstarf á milli Myndistaskólans í Reykjavík og Áss styrktarfélags og styrkt af Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar.

Á námskeiði sem ég hef haldið á Lyngási í vor fyrir börn á aldrinum 5-7 ára hef ég lagt áherslu á að bjóða uppá verkefni sem hægt er að vinna og skynja með ólíkum hætti og örva ólík skynfæri, snerting, lykt, hljóð og sjón, unnið með sögur og ímyndunaraflið

Á Lyngási eru 5 börn á aldrinum 0 – 7 ára í sérstakri leikskóladeild, þau eru öll með ólíka færni sem þarf að taka mið af við verkefnaval. Þau nota hjólastól í sínu daglega lífi og er hvert barn er með aðstoðarmann með sér sem aðstoðar þau eftir þörfum.

Í upphafi og í samráði við starfsfólk og stjórnendur ákváðum við að blanda saman krakkajóga og myndlist, þar sem ég er einnig jógakennari og hef nýtt það í myndlistarkennslu með börnum.

Hvern tíma byggi ég upp þannig að við byrjum á að syngja söngva sem eru með hreyfingum, nýti mudrur og möntrur og við gerum skemmtilegar öndunaræfingar og teygjur og einfaldar jógaæfingar. Eftir það gerum við myndlistarverkefni og yfirleitt eru tvö verkefni í hverjum tíma. Í lok tímans þá slökum við á við róandi tónlist og syngjum saman aftur í lokin.

Meðal verkefna sem við höfum gert er að mála með lituðum ísmolum sem renna svo skemmtilega til og frá og málað með litaðri sápufroðu. Bæði verkefni henta vel til þess að vinna með grunnlitina og sjá hvernig þeir blandast. Efniviðurinn hentar líka vel þegar unnið er með börnum með skerta hreyfifærni eða ólíka færni og snertingin við ólík efnin, köld, heit, mjúk og hörð hefur áhrif á upplifunina.

Við höfum nýtt okkur „blacklight“ og skoðað, leikið okkur og unnið verk í þannig ljósi sem er gott fyrir börn með skerta sjón.

Unnið með mjúkan leir í skærum litum og skoðað grunnformin. Leirformin voru bökuð og búinn til sameiginlegur órói.

Við höfum gert skuggaleikhús með allskyns formum, hlutbundnum og óhlutbundnum og litum.

Unnið með myndvarpa, vatn og litað blek og varpað upp lifandi og flæðandi málverkum á vegg og loft.

Eitt af verkefnunum sem við höfum gert er skynjunarleiðangur inn í töfraskóg. Þar nýttum við okkur skjávarpa og stórt tjald þar sem varpað var upp ólíkum myndskreiðum úr skógi. Við höfum ferðalagið í skógarjaðri, gengum svo að á þar sem við settum hendur og tásur úti og bussluðum. Þar nýttum við okkur s.k. vatnsperlur í fati, hvert og eitt barn með sitt

fat með perlum. Þær eru mjúkar, blautar og kaldar og afar notalegt að leika með þær. Börnin notuðu hendur og fætur í leikinn og voru berfætt. Við gengum að fossi, í sól og í rigningu. Í lokin lögðumst við á skógarbotninn og slökuðum á við fuglasöng.

Í lokatímanum gerðum við stór málverk á gólfinu og nýttum til þess pensla á löngum prikum, bolta í teygjum sem var hægt að dýfa í málningu og henda á fletina, golfkúlur sem mátti rúlla yfir myndina og pípettur sem notaðar voru til að sprauta og skvetta á blöðin. Börnin gátu þá hreyft stólana sína ef þurfti og gátu hreyft penslana með hreyfingu stólana. Úr urðu gullfalleg málverk.

Mikilvægt er að nálgast verkefni einstaklingsmiðað og á forsendum hvers og eins barns og að bjóða uppá fjölbreytni í nálgun. Ég lagði áherslu á að nýta hluti sem eru til staðar á Lyngási í bland við efnivið frá Myndlistaskólanum og kynna fyrir starfsfólki möguleika á því að vinna áfram með börnunum á skapandi hátt með því að nýta sér það sem var til staðar.

Öll verkefni má útfæra fyrir börn og ungmenni á öllum aldri.

Það var einstök ánægja að fá að vinna með þessum hæfileikaríku krökkum, aðstoðarfólki þeirra og starfsfólkinu á Lyngási.

Reykjavík, 13.04.2018, Margrét M. Norðdahl